

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

Dalvegur 30, breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 28. maí 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 30 við Dalveg. Í breytingunni felst breytt lögung og sameining byggingarreita 30B og 30C í einn reit, 30A. Byggingarmagn ofanjarðar eykst um 55 m². Nýtingarhlutfall ofanjarðar á lóðinni helst óbreytt. Byggingarreitur neðanjarðar stækkar og heildarbyggingarmagn á lóðinni, ofanjarðar og neðanjarðar, eykst úr 4.000 m² í 14.600 m². Fyrirkomulag bílastæða á lóðinni breytist, heimilt verður að koma fyrir allt að 250 bílastæðum neðanjarðar, heildarfjöldi bílastæða á lóðinni helst óbreyttur alls 470 stæði. Hæðir byggingarreita verða óbreyttar, 3 hæðir ásamt kjallara. Staðföng bygginga á lóðinni breytast úr 30A, 30B og 30C í 30 og 30A.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 10. júlí 2024.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 11. júlí 2024